

Kennari	Börkur Már Hersteinsson	Sk.st.	BÖR
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er í grundvallarhugtök líffærafræðinnar út frá latneskri nafngiftafræði og lífeðlisfræðileg ferli útskýrð. Fjallað er um svæðaskiptingu líkamans, áttir, líkamshol, skipulagsstig, byggingu og starfsemi frumna og vefja, flutning efna yfir himnur, jafnvæghneigð og afturvirk kerfi. Farið er í byggingu og starfsemi þekjukerfis: lagskipting húðar og líffæri; beinakerfis: beinmyndun, flokkun beina, beinagrind, brjósk, liðir og hreyfingar; vöðvakerfis: innri og ytri gerð vöðva, vöðvasamdráttur, helstu vöðvar líkamans; taugakerfis: taugavefur, taugaboð, taugaboðefni, flokkun taugakerfis og starfsemi, skynfæri og skynjun; innkirtlakerfis: innkirtlar og virkni hormóna.

Markmið

Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- þeirri frumstarfsemi sem liggur til grundvallar allri líkamsstarfsemi
- starfsemi afturvirkra kerfa og grundvallaratriðum í lífeðlisfræðilegum ferlum
- latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar
- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um

Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- rekja og útskýra meginþætti lífeðlisfræðilegra ferla
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- vinna með heimildir sem tengjast líffæra- og lífeðlisfræði


Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum
- geta sýnt fram á hvernig lífshættir geta haft áhrif á heilbrigði líkamans

Námsgögn:

Introduction to the human body e. Tortora 10. Útg. Má líka vera eldri.
Frábærar myndir en textinn er á ensku og getur stundum verið erfiður.

Þá mæli ég einnig með bókinn:
Líffæra og lífeðlisfræði, (Solomon - Phillips) þýð. Reginu Stefnisdóttur, fyrra hefti. IÐNÚ 1995.
Hún er á íslendu og latínu og er alveg ágæt þótt myndirnar eru stundum óskýrar.



Aðrar bækur í líffæra- og lífeðlisfræði koma vel til greina. Aðal málið er að myndirnar eru góðar því stór hluti af þessum áfanga er að átta sig á hvernig líffæri líta út og hvar þau eru. Ef þið eruð með aðra bók í huga þá endilega sendið mér póst um bókina og ég ætти að geta svarað ykkur.

Glósur, heimaverkefni og upptökur eru inn á Moodle vef VMA (moodle.vma.is). Verið viss um að velja LÍOL2SS05 fjarnám en ekki dagskóla.
Skráningarlykill inn í áfangann er VMALÍOL2SS05

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Lokapróf	Skriflegt lokapróf úr öllu efninu í maí (prófatíð fjarnáms er 16.-20. maí)		35%
Miðannarpróf	Miðannarpróf á miðri önn (u.þ.b. 11. viku), haldið á Moodle		10%
Heimaverkefni (HV)	Átta heimaverkefni sem hvert gildir 3,5%. Öll heimaverkefni gilda ef nemandinn nær a.m.k. 4,0 í lokaprófi.		28%
Stutt verkefni (SV)	Einu sinni til þrisvar í viku koma lítil tímaverkefni á Moodle og/eða inn á myndbönd vikunnar. Öll tímaverkefni gilda. Einkunn sett inn þrisvar á önn, eftir námsmatsdag. Fyrstu skil (8%, önnur skil 8% og þriðju skil 11%) Öll tímaverkefni gilda til lokaeinkunnar ef nemandinn nær a.m.k. 4,0 í lokaprófi.		27%
Samtals:			100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemandinn verður að fá a.m.k. 4,0 í lokaprófi til þess að vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar. Ekki er hægt að sleppa lokaprófi.
Nemendum gefst tækifæri á að klára þau tíma- og heimaverkefni sem þeir hafa misst af á næsta námsmatsdegi smkv. Skóladagatali (15.02., 09.03., 06.05.) Eftir það verða einkunnir skráðar inn í Innu.

Líffæra- og lífeðlisfræði A
LÍOL2SS05 fjarnám
Námsáætlun vorönn 2022




Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 3-4	1. kafli: Gerð líkamans og kafli 2: Ágrip af lífefnafræði	Leska kafla 1 Heimaverkefni 1 Tímaverkefni	Heimaverkefni 1 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 5-6	3.-4 kafli: Frumur og vefir	Leska kafla 3 og 4. Heimaverkefni 2 Tímaverkefni	Heimaverkefni 2 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 7	5. kafli: Þekjukerfið *Námsmatsdagur 15. feb	Leska kafla 5 Heimaverkefni 3 Tímaverkefni	Heimaverkefni 3 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 8-9	6.-7. kafli: Bein, beinvefur og beinagrindin	Leska kafla 6-7 Verkefni 4 Tímaverkefni Fyrri skil á vinnubók	Heimaverkefni 4 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 10-11	8. kafli: Vöðvavefur og vöðvar. *Námsmatsdagur 9. mars Miðannarpróf	Leska kafla 10-11 Heimaverkefni 5 Tímaverkefni Miðannarpróf	Heimaverkefni 5 (3,5%) Stutt verkefni Miðannarpróf (10%)
Vika 12-13	9-11. kafli: Taugakerfið.	Leska kafla 16-19 Heimaverkefni 6 Tímaverkefni	Heimaverkefni 6 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 14-16	13. kafli: Innkirtlar Páskafri í viku 15.	Leska kafla 22 Heimaverkefni 7 Tímaverkefni Borða páskaegg	Heimaverkefni 7 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 17	12. kafli: Skynfæri (sjón og heyrn).	Leska kafla 21 Heimaverkefni 8 Tímaverkefni	Heimaverkefni 8 (3,5%) Stutt verkefni
Vika 18	Upprifjun fyrir próf. *Námsmatsdagur 6.mái		

Dagsetning: 14.01.2022


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils